

Bryndís og bráðamóttakan fá viðurkenningu

„Ég er ótrúlega auðmjúk og þakklát,“ segir Bryndís Sigurðardóttir, smitsjúkdómalæknir á Landspítala, sem fékk nýlega viðurkenningu sérnámsgrunnlækna fyrir framúrskarandi kennslu í annað árið í röð. Starfsfólk bráðamóttökunnar fékk einnig viðurkenningu

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir



Jón Kolbeinn Guðmundsson, Finna Pálmadóttir, Hjalti Már Björnsson, Bryndís Sigurðardóttir, Ragnar Pétursson, Stefánía Katrín J. Finnsdóttir og Inga Sif Ólafsdóttir. Mynd/Gerður Rikharðsdóttir

„Þetta eru kollegar og tilvonandi kollegar og frábært að finna að þeir kunna að meta það sem maður gerir með þeim á deildunum. Þau eru þakklát og ég er þakklát enda er þetta ekki kennsla eða kvöl og þína fyrir mér. Mér finnst gaman

að tjá mig og hugsa upphátt,“ lýsir Bryndís Sigurðardóttir um stofugang með þessum kollegum.

„Það er eðlilegur hluti af vinnunni að tala upphátt og tryggja að fólk í kringum mig átti sig á því hvað ég ætla að

gera. Þetta er óverulegt aukaálag á mér, eiginlega frekar náttúrulegt eðli að tala mikið og útskýra,“ segir hún og lýsir því hvernig hún skýtur inn upplýsingum eða staðreyndum um sýklalyf og sýkingar á stofugöngum.

Spurð hvort kennslan sé ekki dýr-mæt til að draga fólk að faginu, segir hún vanta í flestar sérgreinar. „Og við myndum njóta góðs af fleiri smitsjúkdómalæknum. Viðfangsefnunum fjölgar stöðugt. Nú þegar geisar stríð í Úkraínu streyma inn lifrabólgu B- og berklatil-felli. Þá hefur álagið vegna grúppu A streptókokka-faraldursins einnig aukið álag og fleiri veikir sjúklingar legið inni.“ Þá þurfi að huga að breytingum. „Við viljum fara að taka göngudeildina í gegn og efla sýklalyfjagjafir í heimahúsum,“ segir hún. „Við þurfum klárlega að bæta verkferla. Allt krefst þetta mannskapar og það eru mörg spennandi og skemmtileg verkefni.“

Bryndís segir viðurkenninguna mikla hvatningu. „Já, þetta er hvatning til að halda áfram og gera það sem ég geri vel og jafnvel betur. Mér finnst ég aldrei gera nóg. Ég vil kenna meira, gera meira og hvetja ungu lækna okkar áfram.“

Skima Staklox-notendur við sjúkrahússinnlögn

Einstaklingar sem tóku sýklalyfið Staklox á ákveðnu tímabili verða skimaðir fyrir ónæmum sýklum, þurfi þeir að leggjast inn á sjúkrahús. Samkvæmt upplýsingum sóttvarnalæknis er nú þegar skimað fyrir ónæmum sýklum hjá ákveðnum hópum við innlögn og bættast því þessir einstaklingar í þann hóp. Frekari aðgerðir ráðist svo af niðurstöðum þeirra skimana og staðan verði metin eftir þrjú mánuði. Sýklalyfið var innkallað vegna fjölonæmra baktería í febrúar.

Lyfjastofnun segir í svari til *Lækna-bladsins* bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að ástæða mengunarinnar í Staklox-lyfinu sé ófullnægjandi þrif á burstum

sem notaðir eru í framleiðsluferlinu.

Lyfjastofnun segir rannsókn enn í gangi.

Einn einstaklingur hér á landi var talinn hugsanlega hafa smitast af þessari fjölonæmu bakteríu sem rekja mætti til lyfsins. Lyfjastofnun hefur ekki vitneskju um fleiri tilvik. Stofnunin segir að vel hafi tekist að stöðva dreifingu lyfsins hér á landi en samkvæmt markaðsleyfishafa verði ekki hægt að gera innköllunina upp að fullu fyrr en rannsóknum hafi verið lokið.

Lyfjastofnun segir lyfið ekki fara aftur í umferð hér á landi fyrr en fullnægjandi niðurstaða fáiast í málinu. „Bakterían sem um ræðir smitast ekki auðveldlega



á milli fólks, veldur ekki sjálfkrafa sýkingu hjá öllum sem fá hana og er, samkvæmt rannsóknum, næm fyrir ýmsum sýklalyfjum,“ segir í svarinu.

Heimsóknnum til stofulækna fækkar um 23.295 milli ára

Formaður Læknafélags Reykjavíkur segir ekki rétta tímann til að draga úr þjónustu: „Framboð á þjónustu hefur minnkað, bið hefur lengst. Verð hefur hækkað“

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Ríkið greiddi fyrir rétt tæplega 23.295 færri komur til sérfræðilækna í fyrra en árið á undan. Heimsóknnum til sérfræðilækna fækkaði um 4,7% milli þessara ára, eins og kom fram í ritstjórnarpistli Ragnars Freys Ingvarssonar formanns Læknafélags Reykjavíkur í síðasta *Lækna-bláði*.

Samtals eru 476.422 komur skráðar til sérfræðilækna í fyrra en 499.717 árið á undan. Langflestar voru heimsóknir til augnlækna, eða 68.227, og fækkaði þeim um 5,4% milli ára. Þá voru 56.664 komutímar skráðir til húðlækna og fækkaði um 3,9%. 45.245 tímar voru til hjartalækis og fækkaði þeim einnig, eða um 1,2%. Þetta kemur fram í tölum sem *Lækna-bláðið* fékk hjá Sjúkratryggingum Íslands.

Hvergi fækkaði niðurgreiddum komum skjólstæðinga til lækna hlutfallslega eins mikið og til krabbameinslækna á milli árunna 2021 og 2022. Þeim fækkaði um 50,1%. Næstur varð samdrátturinn á komum til heimilislækna, um 34,9%, þá til ofnæmis- og ónæmislækna, um 33,4%.

Ragnar útskýrir að samdrátturinn hjá krabbameinslæknum hafi orðið þegar annar af tveimur hætti stofurekstri og enginn fyllti það skarð. Þá hafi einn af 5 heimilislæknum hætt. Hann segir óljóst hvernig skýra megi samdráttinn í heild sinni.

„Annaðhvort er fólk ekki að leita sér að þjónustu sérfræðilækna eða fer annað innan heilbrigðiskerfisins. Við vitum ekkert hvað er að gerast. Við vitum hins vegar að heilsugæslan er að drukkna, spítalinn er að drukkna og bið eftir hverjum tíma hefur aldrei verið meiri. Þetta er ekki rétti tíminn til að draga úr þjónustu.“



Ragnar Frey Ingvarsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur.

Niðurgreiðsla ríkisins lækkaði milli ára um rúmar 170 milljónir króna og nam tæplega 7,7 milljörðum. Ljóst er af tölunum að skjólstæðingarnir sjálfir báru um 2,7 milljarða króna kostnað af komunum. Ragnar segir að hann sjái í eigin rekstri að þátttaka ríkisins í hverri heimsókn sé komin úr 75%-80% í um 50%. Það sé einfaldlega mörgum ofviða en ekki hefur verið samið við sérfræðilækna á stofum síðan 2018.

„Ríkið hefur ákveðið að leiðrétta þetta ekki. Það kemur beint niður á sjúklingum og verst á þeim sem hafa minnst milli handanna. Ég hugsa að margir hafi ekki lengur efni á að fara til lækis,“ segir hann. „Það eru samtöl í gangi en það gengur hægt. Ég sé ekki að það verði leyst úr þessu á komandi mánuðum, ekki á þessum dampi.“ Fáir fundir eru í sjónmáli, svo kemur sumar.

„Staðan er grafalvarleg. Það er grafalvarlegt að dregið sé úr lækniþjónustu í landi með vaxandi fólksfjölda og aukna ferðamennsku og þjóð sem eldist.“ Samdrátturinn geti aðeins haft alvarlegar afleiðingar.

Mesti samdráttur milli árunna 2021 og 2022

Krabbameinslæknar	-50,1%
Heimilislæknar	-34,9%
Ofnæmis- og ónæmislæknar	-33,4%
Öldrunarlæknar	-28,2%
Lyftlæknar og skurðlæknar	-12,9%

Mesta aukning milli árunna 2021 og 2022

Taugalæknar	+15,3%
Kvensjúkdómalæknar	+8,2%
Nýrnalæknar	+4,7%
Efnaskiptalæknar	+3,3%
Barnahjartalæknar	+2,5%

Heimild: Sjúkratryggingar Íslands.